



Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2017

Efni: Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um fjármálaáætlun 2018-2022. Þingsályktunartillaga, lögð fyrir 146. löggjafarþing 2016-2017, 402. mál.

Stúdentaráð Háskóla Íslands harmar stöðu Háskóla Íslands í ríkisfjármálaáætlun fyrir árin 2018 - 2022. Fulltrúar allra flokka á Alþingi lýstu því yfir, í aðdraganda síðustu alþingiskosninga, að Ísland skyldi stefna að meðaltali OECD-ríkjanna í fjárframlögum til háskólakerfisins á hvern háskólanema á kjörtímabilinu. Staðfesti Alþingi fjármálaáætlunina óbreytta er ljóst að því markmiði verður ekki náð, og þó er um hóflegt markmið að ræða. Stúdentaráð telur jafnframt villandi að með framlögum til háskóla séu talin framlög til byggingar Húss íslenskra fræða, Lánasjóðs íslenskra námsmanna og uppbyggingar nýs fagháskólastigs. Þrátt fyrir aukningu til málaflokksins í heild er ljóst að framlög til rekstrar háskólanna munu ekki aukast að neinu marki fram til ársins 2019.

Í ályktun rektora allra háskóla á Íslandi frá 14. desember síðastliðnum kom fram að til þess að sinna grunnstarfsemi háskólanna þurfi að auka framlög til háskólakerfisins um tvo milljarða á ári næstu árin. Áætlunin felur því í raun í sér frekari aðhaldskröfur til háskólanna. Það setur samkeppnishæfni íslenskra háskóla og íslensks samfélags á alþjóðavettvangi í hættu. Öflugir háskólar eru grundvöllur framþróunar, nýsköpunar og sérhæfingar í hverju samfélagi og krefst Stúdentaráð þess að alþingismenn standi við gefin loforð um fjármögnun íslensks háskólakerfis.

Stúdentaráð Háskóla Íslands leggst alfarið gegn því að framlögð ríkisfjármálaáætlun til ársins 2022 verði samþykkt í óbreyttri mynd.

Virðingarfyllst f.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Ragna Sigurðardóttir formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands